

**Guðjón Ólafur Jónsson, alþingismaður,
formaður Heilbrigðis- og tryggingamálanefndar,
Alþingi,
101 Reykjavík.**

12. mars 2007

Ágæti formaður og Heilbrigðisnefnd Alþingis.

Ég vísa til bréfs, dags. 8. mars 2007, til Heilbrigðisnefndar vegna **Frumvarps til laga, um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun með síðari breytingu.**

Eftir viðræður við Ágúst Geir Ágústsson, lögfræðing í Heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytinu, sem tók þátt í samningu frumvarpsins, er ljóst að til þess að breyting sú sem ég lagði til við 2. málsg. 2.gr. laganna nái einnig til tæknifrjógungunar, þarf að bæta inn í tillöguna um hina nýju málsgrein laganna þannig að setningin sem um ræðir hljóði svo:

“Ráðherra skal binda slíkt leyfi, eins og leyfi til tæknifrjógungana, sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofnana, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu”.

Með þessum hætti tæki eftirlitsskylda til tæknifrjógungunar jafnt sem stofnfrumurannsóknna.

Varðandi breytingar við 3.gr., er varða flutning fósturvísa úr landi, þá er það skilningur ráðuneytisins að lög í viðkomandi landi verði að gilda um fósturvísana þegar þeir hafa verið fluttir þangað. Það sé því hlutverk Vísindasiðanefndar að taka afstöðu til þess, hvort skilyrði laga í viðkomandi landi séu með svipuðum hætti og á Íslandi og unnt að leyfa flutning.

Varðandi breytingatillögu mína á 6.gr., þá hef ég rætt hana við Ágúst Geir Ágústsson og einnig Þórð Óskarsson, lækni á Art Medica tæknifrjógungunarstöðinni í Kópavogi. Ráðuneytið mun að líkindum fallast á breytingu sem þessa og læknar tæknifrjógungunarstöðvarinnar ekki vera henni andvígir.

Virðingarfyllst,



Reynir Tómas Geirsson, prófessor,
sviðsstjóri kvennasviðs,
Kvennadeild LSH, Hringbraut,
101 Reykjavík. /abj